

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/422
komudagur 3.12.2004



Akraneskaupstaður

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 2. desember 2004, var m.a. fjallað um bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 15.11.2004, þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Um er að ræða umfangsmikið mál, sem mikilvægt er að fái vandaða og góða umfjöllun. Sérstök afstaða til einstakra breytingartillagna er ekki tekin, en áhersla lögð á tvö meginatriði sem varða hagsmuni sveitarfélaga. Annars vegar er um að ræða skipan og valdsvið úrskurðarnefnda og hins vegar málsmeðferð varðandi deiliskipulag.

Í frumvörpunum er gert ráð fyrir að efla verulega starf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Vísað er til umræðu sem átt hefur sér stað varðandi hlutverk þessarar úrskurðarnefndar, en gagnrýni á hlutverk hennar hefur m.a. beinst að seinangangi við meðferð mála, takmörkun á rétti málsaðila til að bera úrlausnarefni undir dómstóla og réttaröryggi. Fyrir úrskurðarnefnd hafa farið umfangsmikil og mikilsverð mál, sem varðað hafa verulega hagsmuni án þess að til staðar væru skýrar og lögvarðar málsmeðferðarreglur. Bent hefur verið á að brýnna væri að setja á laggirnar sérstakan stjórnarsýsludómstól sem færi með þessi mál og önnur sem heyra undir aðrar úrskurðarnefndir. Má vitna til álits umboðsmanns Alþingis í þessu efni.

Þá er í frumvarpinu um breytingar á skipulags- og byggingarlögum ekki kveðið á um breytingu málsmeðferðar varðandi gerð deiliskipulaga. Reynsla undanfarinna ára sýnir að núverandi framgangsmáti er seinvirkur og ómarkviss auk þess sem tímalengd smærri breytinga er tímafrek og kostnaðarsöm. Í þessu efni ætti að auka verulega sjálfsforræði sveitarstjórna til afgreiðslu mála án þess þó að skerða réttaröryggi borgaranna. Má halda því fram að hin almenna skaðabótaregla veiti borgurunum næga vörn í slíkum tilvikum.

Umsögn Akraneskaupstaðar er hér með komið á framfæri.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 2. desember 2004.

Virðingarfyllst

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Pálmi Pálsson'.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari

Afrit: Bæjarstjóri, Gísli Gíslason.

JPP/rp-040320
Skj. 000.2/AK26344

Bæjarskrifstofur • Stílholti 16 - 18 • 300 Akranes